

## Samþykkt fyrir ferlinefnd fatlaðs fólks

### *Umboð*

#### *1. gr.*

Ferlinefnd fatlaðs fólks starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt þessari og lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

### *Verksvið*

#### *2. gr.*

Ferlinefnd mótar stefnu í ferlimálum, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til umhverfis- og skipulagsráðs sem varða verksvið hennar. Ferlinefnd er ráðgefandi fyrir borgarráð í aðgengismálum fatlaðs fólks. Hún skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættu aðgengi fatlaðs fólks í samræmi við heildarstefnu í aðgengismálum fatlaðs fólks og fjárheimildir nefndarinnar hverju sinni. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

#### *3. gr.*

Ferlinefnd stuðlar að því að allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu á vegum borgarinnar, svo og götur, gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, séu aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir.

#### *4. gr.*

Ferlinefnd fer m.a. með eftirtalin verkefni:

- a) Mótar og endurskoðar heildarstefnu Reykjavíkurborgar í aðgengismálum í þegar byggðum húsum og nýbyggingum og við hönnun gatna, göngustíga og opinberra svæða.
- b) Veitir umsagnir við undirbúning og hönnun bygginga, göngustíga og opinberra svæða.
- c) Veitir umsagnir til Bílastæðasjóðs um staðsetningu almenningsbílastæða fatlaðs fólks.
- d) Tekur til meðferðar athugasemdir og ábendingar um aðgengi fatlaðs fólks í borgarlandinu.
- e) Hefur frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættu aðgengi s.s. með ferlihönnun og/eða vitundarvakningu um bætt aðgengi fatlaðs fólks.
- f) Forgangsraðar verkefnum með tilliti til markaðrar heildarstefnu og fjárheimilda hverju sinni.
- g) Leggur fram árlega greinargerð um störf nefndarinnar til umhverfis- og skipulagsráðs.

### *Skipan*

#### *5. gr.*

Ferlinefnd fatlaðs fólks er skipuð sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarráð kýs tvo fulltrúa; annar skal vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar, hinn er valinn af minnihluta í borgarstjórn. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og skal í tilnefningunni taka tillit til mismunandi aðgengisþarfa, svo sem aðgengi hreyfihamlaðra, sjónskertra og blindra. Þroskahjálp tilnefnir einn fulltrúa og Félag eldri borgara tilnefnir einn fulltrúa.

Nefndin kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### *6. gr.*

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Ferlinefnd fatlaðs fólks er vistuð hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri og stjórnarsýslu hennar. Umhverfis- og skipulagssvið tilnefnir tengiliði nefndarinnar frá skrifstofum sviðsins.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### *7. gr.*

Ferlinefnd fatlaðs fólks skal að jafnaði halda fund mánaðarlega. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður ferlinefndar boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi ferlinefndar með málfrelsi og tillögurétt. Fundina skal einnig sitja fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### *8. gr.*

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Ferlinefnd skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Mannréttinda-skrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir nefndina og leggur henni til fundarritara. Mannréttindastjóri ber ábyrgð á fundarritun.

*Málsmeðferð*

*9. gr.*

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt í borgarstjórn 2. september 2014